



10 leiðir til að efla ferðapjónustu,
atvinnulíf og lífskjör á landsbyggðinni



Á síðustu tíu árum hefur [uppbygging ferðapjónustu um allt land](#) leitt af sér meiri og fjölbreyttari uppbyggingu atvinnutækifæra, betri líf skjör og meiri möguleika til þróunar og styrkingar fjölda samfélaga fjarri höfuðborgarsvæðinu en áratugina þar á undan.

Vegna breytinga á samkeppnisstöðu áfangastaðarins Íslands hefur samsetning ferðamanna og ferðahegðun á Íslandi hins vegar tekið breytingum og slíkar sveiflur [í samhengi við síaukinn kostnað og erfitt rekstrarumhverfi fyrirtækja](#) þrengja ekki síst að ferðapjónustufyrirtækjum á svæðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Það er mikið hagsmunamál fyrir íslenska ferðapjónustu, og samfélagið í heild, að rekstrargrundvöllur fyrir ferðapjónustufyrirtæki um allt land sé góður, allt árið um kring. Það er nauðsynlegt fyrir vöruþróun og nýsköpun í greininni, auk þess sem það [styður markmið um áframhaldandi styrkingu byggða](#), uppbyggingu heils árs atvinnutækifæra og dreifingu álags vegna umferðar ferðamanna um landið.

Samtök ferðapjónustunnar benda hér á eftirfarandi [10 leiðir til að efla ferðapjónustu, atvinnulíf og líf skjör](#) á landsbyggðinni. Aðgerðir þessar krefjast að sjálfsögðu náinnar samvinnu hins opinbera og atvinnugreinarinnar og tillögunum er ekki ætlað að vera tæmandi heldur benda á ýmislegt sem er hægt og þarft að gera.

1. Skýr áhersla á **markaðssetningu Íslands** sem ferðaþjónustulands.

Markaðssetningarhlutverk ríkisins gagnvart erlendum mörkuðum verði fjármagnað með skýrum og staðföstum hætti. Markaðssetningarstarfi og fjármögnun sé stýrt markvisst í samræmi við framtíðarsýn og stefnu um arðsemi greinarinnar, ávinning heimamanna, upplifun gesta og jafnvægi í nýtingu og vernd auðlinda.

Aukin áhersla verði lögð á markaðssetningu kaldari svæða, þar sem ónýttir innviðir eru fyrir hendi. Fjármagn verði skilgreint sérstaklega til markaðssetningar landshluta.

Aukin áhersla á markaðssetningu gagnvart heimamarkaði, sem er mjög mikilvægur fyrir landsbyggðina, með markvissri hvatningu til ferðalaga og kaupa á ferðaþjónustu innanlands, jafnt á meðal einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera. Reynsla víða að úr heiminum sýnir að heimamarkaður er gjarnan tryggasti og besti markaður ferðaþjónustu og skiptir máli hvað varðar umhverfis og sjálfbærnisjónarmið. Í dag fer hins vegar engin stofnun ríkisins með þetta mikilvæga markaðssetningarhlutverk á Íslandi.

2. Uppbygging **flugvalla og flugsamgangna** á Akureyri og Egilsstöðum.

Mótuð verði stefna til framtíðar um alþjóðaflug, tengiflug við Keflavík innanlands og markaðssetningu.

Ákvarðanir verði teknar um uppbyggingu innviða vegna hlutverks varaflugvalla og mögulegra nýrra gátta fyrir alþjóðaflug um Akureyri og Egilsstaði.

Beinar aðgerðir sem grípa má til strax, t.d. jöfnun verðs á flugvélaeldsneyti (sbr. lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara) til að auka samkeppnishæfni varaflugvallanna.

3. **Beinni samgöngutengingu** verði komið á milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkurflugvallar (milli alþjóða- og innanlandsvalla) á meðan núverandi skipulag alþjóða- og innanlandsflugs er við lýði.

4. Þróun áfangastaðaáætlana og áfangastaðastofa flýtt. Markaðssetning á ferðamannaleiðum, **með áherslu á vannýtt landsvæði** (sbr. Norðurstrandarleið) byggð upp.

Mörkuð verði heildarstefna fyrir uppbyggingu og markaðssetningu nýrra ferðamannaleiða og staða, m.a. varðandi skipulag og fjármögnun verkefna og þátttöku hagsmunaaðila.

Áframhaldandi þróun áfangastaðaáætlana og uppbyggingu áfangastaðastofa verði hraðað og fjármagn til uppbyggingar ferðamannastaða og leiða tryggt.

5. Samgönguverkefni, stjórnsýsla og framkvæmdir í samgöngukerfi taki mið af raunþörfum ferðapjónustu á landsbyggðinni.

Forgangsröðun og fjármögnun vegaframkvæmda (nýframkvæmda og viðhalds) taki mun skýrara mið af þörfum ferðapjónustu en í dag, enda augljóst að þar fara hagsmunir atvinnugreinarinnar og heimafólks saman. Nefna má sem dæmi Dettifossveg (nýframkvæmd), Vatnsnessveg og Kjalveg (viðhaldsverkefni) sem dæmi um slíka þörf. Hagkvæmt getur reynst að leggja vegi sérstaklega út frá þörfum ferðapjónustu.

Vegagerðin taki mið af þörfum ferðapjónustunnar við framkvæmdir. Heilsársaðgengi að helstu ferðamannastöðum verði tryggt með aukinni vetrarþjónustu og viðhaldi. Ákvarðana- og afgreiðslutími verði stytur og verklag milli landsvæða samræmt.

Mörkuð verði stefna um merkingar og leiðarvísa í vegakerfi, við ferðamannastaði og ferðapjónustufyrirtæki. Reglugerðir um merkingar verði lagaðar að þörfum ferðapjónustu eins og gert er víða í heiminum.

Betri leiðarvísunum verði komið upp á mikilvægum stöðum (t.d. við gatnamót og útskot) sem sýna og segja frá möguleikum á nærliggjandi landsvæðum, t.d. við Höfn, við Vestfjarðaveg, við Mývatn o.s.frv.

6. Sveitarfélög marki sér markmið og stefnu í málaflokknum og ákveði með hvaða hætti þau muni **styðja við uppbyggingu ferðapjónustu á sínu svæði** og í samvinnu við önnur sveitarfélög í viðkomandi landshluta.
7. Eftirlit með ólöglegri starfsemi verði **aukið og gert skilvirkara á landsbyggðinni**, t.d. við ferjuaðkomu á Seyðisfirði og á þjóðvegum og helstu ferðamannastöðum.

Samstarf eftirlitsaðila (RSK, VMST, Lögregla, slökkvilið, tollstjóri, heilbrigðiseftirlit o.s.frv) verði gert skilvirkara og sýnilegra (sbr. skýrslu SAF frá 5. mars 2019).

8. Lagaumhverfi heimagistingar verði **endurskoðað með aðstæður á landsbyggðinni í huga**, m.a. með tilliti til leyfilegs dagafjölda.

Eftirlit með leyfislausri heimagistingu gert skilvirkara, t.d. með því að sýslumaðurinn í Reykjavík geri þjónustusamninga við sýslumenn á landsbyggðinni vegna eftirlits og skýrari aðkomu lögreglu.

9. Ferðapjónustan verði sýnilegri í úthlutun nýsköpunar-/ og þróunarfjármagns, sérstaklega á köldum svæðum.

Áherslur Vísinda- og tækniráðs hvetji til þess að þróunarverkefni fari af stað um allt land. Svæðisbundin nýsköpun er mikilvæg fyrir bæði ferðapjónustu og íbúa.

Tekið verði sérstakt mið af markmiðum um betri dreifingu ferðamanna um landið við einkunnagjöf umsókna í uppbyggingar-, þróunar- og rannsóknasjóði, sbr. stigagjöf vegna „köld svæði/landsbyggðarverkefni“ við umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Sérstaklega verði ýtt undir fjárfestingu á köldum svæðum með útvíkkun á núverandi ívilnanakerfi til að innifela minni fyrirtæki og fjárfestingar.

Fjármagn í sóknaráætlanir landshluta verði aukið til að styðja við svæðisbundna nýsköpun og áhersla lögð á ferðapjónustutengda uppbyggingu.

10. Stjórnvöld hugi betur að samkeppnishæfni ferðaþjónustu á Íslandi.

Markmið um aukna samkeppnishæfni verði höfð að leiðarljósi við stefnumörkun og ákvarðanatöku, bæði á málefnasviði ferðaþjónustu sem og öðrum málefnasviðum sem áhrif geta haft, með það í huga að skert samkeppnishæfni getur bitnað sérstaklega illa á atvinnulífi og uppbyggingu á landsbyggðinni.

Tekin verði skýr skref til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja og lækka opinberan kostnað í rekstri þeirra.



Samtök ferðapjónustunnar | www.saf.is | saf@saf.is | [@ferdathjonustan](https://twitter.com/ferdathjonustan)